

RE: Ósk um umsögn um tillögu að nýju deiliskipulagi í landi Haukabrekku í Dalabyggð

Sæll Þórður

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur yfirfarið tillögu að nýju deiliskipulagi í landi Haukabrekku í Dalabyggð og gerir eftirfarandi athugasemdir.

1. Tryggt þarf að vera að verndarsvæði fyrirhugaðs vatnsbóls sé staðsett í skipulagi, ef vatnsból er utan skipulagsreits gæti þurft að færa það inn við næstu breytingu á aðal- eða deiliskipulags í samræmi við reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatns. Sjá meðfylgjandi

9. gr.

Varnir gegn mengun vatnsbóla.

Umhverfis hvert vatnsból skal heilbrigðisnefnd ákvarða vatnsverndarsvæði sem skiptist í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði, sbr. reglugerð um varnir gegn mengun vatns. Brunnsvæði skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd skal, þar sem þörf krefur, krefjast þess að svæðið skuli girt gripa- og mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli.

Í framkvæmd hefur það verið svo að framkvæmdaaðili hefur gert tillögu að stærð vatnsbóla sem heilbrigðiseftirlit hefur samþykkt. Bent er á að girða þarf í kringum brunnsvæði.

2. Æskilegt er að staðsetja hreinsimannviki fyrir skólp á skipulagsuppdraetti. Búnaðurinn skal eftir því sem við á, uppfylla skilyrði staðlana IST EN 12566-1, IST EN 12566-4 og IST EN 12566-3

Kveðja

Þorsteinn Narfason,
framkvæmdastjóri
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
Innri mel 3, Akranes
s. 4312750 og 6206566
www.hev.is